

Gallon ehf.  
Skútuvogi 1  
104 Reykjavík

Akureyri, 26.4.2023  
UST202304-109/G.S.Á.  
08.06.02

**Efni: Þykktarmæling 2022 - Gallon ehf., Krossanesi, geymir nr. 602-B202**

Umhverfisstofnun barst þann 24. apríl 2023, þykktarmæling og segulsviðsskönnun á olúgeymi Gallon ehf., Krossanesi, Akureyri. Geymirinn er með eigendanúmerið nr. 602-B202 og fastanúmerið 214-8472 090101 og er staðsettur í olíubirgðastöð rekstraraðila í Krossanesi. Geymirinn er standandi stálgeymir smíðaður árið 1987.

Þykktar- og segulsviðsmælingarnar framkvæmdu Gísli A. Guðmundsson og Andre Sandö hjá HD ehf., Kópavogi, þann 6. október 2022. Notaður var Olympus 45MG hátíðniþykktarmælir (ultrasonic thickness gage), 5 MHz mælir, ser#130177407. Kvörðunarklossar mælisins eru á bilinu 3 – 18 mm. Var botn geymisins mældur ásamt neðsta umfari.

Fram kemur í skýrslu HD ehf., nr. TM\_222093\_GALLON\_B202\_2022, að geymirinn sé málaður að hluta að innan. Að hann sé í góðu ásigkomulagi að innanverðu og að gólf ásamt neðsta umfarinu sé ótært að innan. Geymir var lagfærður árið 2013 þar sem gólf var endurnýjað ásamt hluta af neðsta umfari.

**Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við áframhaldandi notkun á geyminum.  
Botnþykktarmæla skal eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.**

Virðingarfyllt

Guðbjörg Stella Árnadóttir  
*Sérfræðingur*

Sigríður Kristinsdóttir  
*Teymisstjóri*